

AUGLÝSING

um samning um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna.

Hinn 17. janúar 2006 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna sem gerður var í New York 21. nóvember 1947. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar sama dag.

Sama dag var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent tilkynning Íslands skv. 43. þætti samningsins þar sem fram kemur að Ísland skuldbindur sig til að beita ákvæðum samningsins gagnvart eftirfarandi sérstofnunum: Alþjóðavinnumálastofnuninni, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaflugmálastofnuninni, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþjóðabankanum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, Alþjóðapóstasambandinu, Alþjóðafjarskiptasambandinu, Alþjóðaveðurfræðistofnuninni, Alþjóðasiglingamálastofnuninni, Alþjóðalánastofnuninni, Alþjóðaframfarastofnuninni, Alþjóðahugverkastofnuninni og Alþjóðalandbúnaðarþróunarsjóðnum.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 31. janúar 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM FORRÉTTINDI OG FRIÐHELGI SÉRSTOFNANA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 13. febrúar 1946 ályktun sem fjallar um að samræma, eftir því sem frekast er unnt, forréttindi og friðhelgi sem Sameinuðu þjóðirnar njóta ásamt ýmsum sérstofnunum; og

samráð hefur farið fram milli Sameinuðu þjóðanna og sérstofnananna um framkvæmd fyrrnefndrar ályktunar;

allsherjarþingið hefur því, með ályktun 179(II) sem var samþykkt 21. nóvember 1947, samþykkt eftirfarandi samning sem er sendur sérstofnununum til staðfestingar jafnframt því að öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna er, ásamt öllum öðrum ríkjum sem eiga aðild að einni eða fleiri sérstofnunum, boðið að gerast aðilar að honum.

I. gr.

Skilgreiningar og gildissvið.

1. þáttur.

Í samningi þessum:

- i) er með orðunum „stöðluð ákvæði“ skírskotað til ákvæða II. til IX. gr.;
- ii) hefur hugtakið „sérstofnanir“ þá merkingu sem hér greinir:
 - a) Alþjóðavinnumálastofnunin;
 - b) Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna;
 - c) Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO);
 - d) Alþjóðaflugmálastofnunin;
 - e) Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn;
 - f) Alþjóðabankinn;
 - g) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin;
 - h) Alþjóðapóstasambandið;

- i) Alþjóðafjarskiptasambandið; og
- j) allar aðrar stofnanir sem tengjast Sameinuðu þjóðunum í samræmi við 57. og 63. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna;
- iii) merkir „samningur“, með tilliti til hvaða tiltekinnar sérstofnunar sem er, stöðluð ákvæði með áorðnum breytingum samkvæmt endanlegum (eða endurskoðuðum) texta þess viðauka sem viðkomandi stofnun hefur sent skv. 36. og 38. þætti;
- iv) tekur, að því er varðar III. gr., „eignir og fjármunir“ einnig til eigna og sjóða sem sérstofnun hefur umsjón með og er ætlað að gera henni kleift að gegna stofnskrárbundnum hlutverkum sínum;
- v) telst, að því er varðar V. og VII. gr., orðatiltækið „fulltrúar aðila“ taka til allra fulltrúa, varamanna, ráðgjafa, tæknisérfræðinga og ritara sendinefnda;
- vi) merkir, í 13., 14., 15. og 25. þætti, orðatiltækið „fundir sem sérstofnun kallar saman“: 1) þingfundi hennar og fundi framkvæmdastjórnar hennar (án tillits til nafngiftar slíkrar stjórnar) og 2) fundi allra nefnda sem kveðið er á um í stofnskrá hennar, 3) fundi allra alþjóðlegra ráðstefna sem hún kallar saman og 4) fundi allra nefnda fyrrnefndra aðila;
- vii) merkir „framkvæmdastjóri“ þann embættismann hlutaðeigandi sérstofnunar sem stjórnar og ber ábyrgð á framkvæmdum og rekstri hennar, hvort sem hann er nefndur forstjóri eða ber annan titil.

2. þáttur.

Hvert aðildarríki að samningi þessum skal, með tilliti til hvernar sérstofnunar sem samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart skv. 37. þætti, veita slíkri stofnun, eða vegna slíkrar stofnunar, forréttindi og friðhelgi sem sett eru fram í stöðluðu ákvæðunum og með þeim skilyrðum sem þar um getur, með fyrirvara um breytingar á þeim ákvæðum sem er að finna í fyrirmælum endanlegs (eða endurskoðaðs) viðauka sem fjallar um fyrrnefnda stofnun og sendur hefur verið skv. 36. eða 38. þætti.

II. gr.

Lögaðili.

3. þáttur.

Sérstofnanirnar eru lögaðilar. Þær skulu vera hæfar til að a) gera samninga, b) festa kaup á fasteignum og lausafé og ráðstafa slíkum eignum, c) höfða mál fyrir dómstólum.

III. gr.

Eignir, sjóðir og fjármunir.

4. þáttur.

Sérstofnanirnar, eignir þeirra og fjármunir skulu, hvar sem þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau, vera friðhelg að því er varðar málarekstur í hvaða mynd sem er, nema að því marki sem þær hafa, í tilteknu máli, afsalað friðhelgi sérstaklega. Engu að síður ríkir sá skilningur að ekkert afsal friðhelgi skuli ná til fullnustugerða hverju nafni sem nefnast.

5. þáttur.

Athafnasvæði sérstofnana skal vera friðlýst. Eignir sérstofnana og fjármunir skulu, hvar sem þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau, vera friðhelg að því er varðar leit, kröfu um afhendingu, upptöku, eignarnám og íhlutun af hvaða tagi sem er og hvort sem um ræðir aðgerðir á sviði fullnustu, stjórnsýslu, dómsmála eða lagasetningar.

6. þáttur.

Skjalasafn sérstofnana og almennt öll skjöl, sem þeim tilheyra eða þær hafa undir höndum, skulu vera friðhelg hvar sem þau eru staðsett.

7. þáttur.

Án þess að vera bundnar af hvers kyns fjárhagseftirliti, reglugerðum eða greiðslustöðvun:

- a) geta sérstofnanir haft undir höndum sjóði, gull eða fé í hvaða gjaldmiðli sem er og rekið reikninga í hvaða gjaldmiðli sem er;
- b) er sérstofnunum frjálst að yfirfæra sjóði sína, gull eða gjaldeyri frá einu landi til annars eða innan hvaða lands sem er og að breyta gjaldeyri, sem þær hafa undir höndum, í hvaða annan gjaldmiðil sem er.

8. þáttur.

Þegar hver sérstofnun neytir réttinda sinna skv. 7. þætti hér að framan skal hún taka tilhlýðilegt tillit til formlegra andmæla ríkisstjórnar hvaða aðildarríkis að samningi þessum sem er svo fremi að talið sé unnt að taka slík andmæli til greina án þess að hagsmunir hlutaðeigandi sérstofnunar skaðist.

9. þáttur.

Sérstofnanir, fjármunir þeirra, tekjur og aðrar eignir skulu:

- a) undanþegin öllum beinum sköttum. Sá skilningur ríkir hins vegar að sérstofnanir muni ekki krefjast undanþágu frá sköttum sem í raun eru aðeins gjöld fyrir almannaþjónustu;
- b) undanþegin tollum og innflutnings- og útflutningsbönnum og -takmörkunum að því er varðar muni sem sérstofnanirnar flytja inn eða út til opinberra nota í eigin þágu. Sá skilningur ríkir hins vegar að munir, sem eru fluttir inn samkvæmt slíkri undanþágu, verði ekki seldir í því landi þangað sem þeir voru innfluttir nema samkvæmt skilyrðum sem samið er um við stjórnvöld í viðkomandi landi;
- c) undanþegin tollum og innflutnings- og útflutningsbönnum og -takmörkunum með tilliti til útgefins efnis á þeirra vegum.

10. þáttur.

Enda þótt stofnanir muni almennt ekki fara fram á undanþágu frá vörugjaldi og sköttum vegna sölu lausafjármuna og fasteigna sem eru hluti af því verði sem greiða á munu aðildarríki að samningi þessum engu að síður og hvenær sem það er unnt, þegar sérstofnanirnar gera mikilvæg kaup á eignum vegna opinberra nota sem fyrrnefndir tollar og skattar hafa verið lagðir á eða er heimilt að leggja á, gera viðeigandi stjórnvaldsráðstafanir til þess að endurgreiða eða skila þeirri fjárhæð sem tollinum eða skattinum nemur.

IV. gr.

Aðstaða til samskipta.

11. þáttur.

Að því er varðar opinber samskipti skal hver sérstofnun hljóta meðferð, á landsvæði hvers aðildarríkis að samningi þessum og með tilliti til hlutaðeigandi stofnunar, sem er ekki óhagstæðari en stjórnvöld í hlutaðeigandi ríki veita stjórnvöldum í hvaða öðru ríki sem er, meðal annars sendiráðum þeirra síðarnefndu, með tilliti til forgangs, gjalda og skatta á póst, kapla, símskeyti, loftskeyti, símamyndir, síma og önnur samskipti og gjalda fyrir upplýsingar ætlaðar blöðum og útvarpi.

12. þáttur.

Eigi skal ritskoða opinber bréfaskipti og önnur opinber samskipti sem sérstofnanir hafa.

Sérstofnanir eiga rétt á að nota dulmálslykla og senda og taka við bréfum með boðberum eða í innsigliðum sekkjum sem um gilda sama friðhelgi og sömu forréttindi og um boðbera og sekki sendiráða væri að ræða.

Ekkert í þætti þessum skal túlka þannig að það komi í veg fyrir að samþykktar verði viðeigandi öryggisráðstafanir sem verði skilgreindar í samningi milli aðildarríkis að samningi þessum og sérstofnunar.

V. gr.
Fulltrúar aðila.

13. þáttur.

Fulltrúar aðila á fundum, sem sérstofnun kallar saman, skulu njóta eftirfarandi forréttinda og friðhelgi þegar þeir gegna hlutverkum sínum og á ferðum sínum til og frá fundarstað:

- a) friðhelgi að því er varðar handtöku eða varðhald og haldlagningu persónulegs farangurs þeirra og friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti og allra gerða þeirra í þágu starfa þeirra;
- b) friðhelgi að því er varðar alla pappíra og skjöl;
- c) rétt til að nota dulmálslykla og taka við skjölum eða bréfum með boðberum eða í innsigluðum sekkjum;
- d) undanþágu fyrir sjálfa sig og maka sína frá takmörkunum sem gilda um innflytjendur, kröfum sem gilda um skráningu útlanda eða kvöðum um að gegna samfélagsþjónustu í því ríki sem þeir heimsækja eða fara um þegar þeir gegna hlutverkum sínum;
- e) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft eða takmarkanir á gjaldeyris skiptum og fulltrúum erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, býðst;
- f) sömu friðhelgi og aðstöðu að því er varðar persónulegan farangur þeirra og starfsmönnum sendiráða, sem gegna sambærilegri stöðu, er veitt.

14. þáttur.

Veita ber áfram friðhelgi, að því er varðar málarekstur vegna orða fulltrúa aðila að sérstofnunum í ræðu eða riti og allra gerða þeirra við skyldustörf, þrátt fyrir að viðkomandi einstaklingar gegni ekki lengur slíkum skyldustörfum, í því skyni að tryggja fyrrnefndum fulltrúum fullt málfrelsi og fullt sjálfstæði við skyldustörf á fundum sem sérstofnanirnar kalla saman.

15. þáttur.

Sé skattlagning af einhverju tagi háð búsetu skulu tímabil, þegar fulltrúar aðila að sérstofnunum eru staddir í aðildarríki við skyldustörf á fundum sem þær kalla saman, ekki talin búsetutími.

16. þáttur.

Fulltrúum aðila eru ekki veitt forréttindi og friðhelgi þeim til persónulegs ávinnings heldur í því skyni að tryggja að þeir geti gegnt hlutverkum sínum í tengslum við sérstofnanirnar á sjálfstæðan hátt. Þar af leiðir að aðili hefur ekki einvörðungu rétt heldur ber honum skylda til að afsala friðhelgi fulltrúa sinna ávallt þegar aðilinn telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og að unnt sé að afsala henni án þess að með því sé hvikað frá þeim markmiðum sem slík friðhelgi á að þjóna.

17. þáttur.

Ákvæði 13., 14. og 15. þátta gilda ekki gagnvart yfirvöldum í því ríki þar sem viðkomandi einstaklingur hefur ríkisfang eða sem hann er eða hefur verið fulltrúi fyrir.

VI. gr.
Embættismenn.

18. þáttur.

Hver sérstofnun mun tilgreina þá flokka embættismanna sem ákvæði þessarar greinar og VIII. gr. gilda um. Hún skal tilkynna stjórnvöldum í öllum aðildarríkjum að samningi þessum um þá, að því er sérstofnunina varðar, og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Tilkynna ber fyrrnefndum stjórnvöldum af og til um nöfn þeirra embættismanna sem fylla þá flokka er fyrr greinir.

19. þáttur.

Embættismenn sérstofnana skulu:

- a) njóta friðhelgi að því er varðar málarekstur vegna orða þeirra í ræðu eða riti og allra gerða þeirra í þágu starfa þeirra;
- b) njóta sömu undanþága frá skattaálögum vegna launa og þóknana, sem sérstofnanirnar

- c) greiða þeim, með sömu skilyrðum og gilda um embættismenn Sameinuðu þjóðanna;
- c) njóta friðhelgi, ásamt mökum og skylduliði á framfæri þeirra, að því er varðar takmarkanir sem gilda um innflytjendur og kröfur sem gilda um skráningu útlendinga;
- d) njóta sömu friðhelgi að því er varðar gjaldeyrisskipti og er veitt embættismönnum sendiráða sem gegna sambærilegri stöðu;
- e) njóta, ásamt mökum og skylduliði á framfæri þeirra, sömu heimsendingaraðstöðu og er veitt embættismönnum sendiráða, sem gegna sambærilegri stöðu, þegar alþjóðlegt hættu-ástand ríkir;
- f) eiga rétt á að flytja inn tollfrjálst húsgögn sín og muni þegar þeir taka við stöðu sinni í fyrsta sinn í hlutaðeigandi ríki.

20. þáttur.

Embættismenn sérstofnana skulu undanþegnir kvöðum um að gegna samfélagsþjónustu, að því tilskildu, að því er varðar þau ríki þar sem þeir hafa ríkisfang, að slíkar undanþágur séu takmarkaðar við embættismenn sérstofnana sem hafa nöfn sín færð í skrá, sem framkvæmdastjóri viðkomandi sérstofnunar tekur saman og viðkomandi ríki samþykkir, vegna skyldustarfa sinna.

Komi til þess að aðrir embættismenn sérstofnana séu kvaddir til að gegna samfélagsþjónustu skal viðkomandi ríki, að beiðni viðkomandi sérstofnunar, fresta kvaðningu slíkra embættismanna eins lengi og kann að reynast nauðsynlegt til að komast hjá því að trufla framgang mikilvægra verka.

21. þáttur.

Auk þeirrar friðhelgi og forréttinda sem eru tilgreind í 19. og 20. þætti skal framkvæmdastjóri hvernar sérstofnunar, þar með taldir allir embættismenn sem koma fram fyrir hans hönd í fjarveru hans, njóta, ásamt maka sínum og ólögráða börnum, þeirra forréttinda og friðhelgi, undanþága og aðstöðu sem diplómatiskir fulltrúar njóta í samræmi við reglur þjóðaréttar.

22. þáttur.

Embættismönnum eru veitt forréttindi og friðhelgi aðeins með hagsmuni sérstofnana að leiðarljósi en ekki til persónulegs ávinnings fyrir einstaklingana sem slíka. Hver sérstofnun skal hafa rétt og ber skylda til að afsala friðhelgi embættismanna ávallt þegar hún telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og að unnt sé að afsala henni án þess að fórna hagsmunum hlutaðeigandi sérstofnunar.

23. þáttur.

Hver sérstofnun skal ávallt eiga samstarf við réttbær yfirvöld aðildarríkja í því skyni að greiða fyrir tilhlýðilegri réttarvörslu, tryggja að lögreglusamþykktum sé hlítt og að koma í veg fyrir misnotkun í tengslum við forréttindi, friðhelgi og aðstöðu sem um getur í grein þessari.

VII. gr.

Misnotkun forréttinda.

24. þáttur.

Telji aðildarríki að samningi þessum að misnotkun hafi átt sér stað á forréttindum eða friðhelgi, sem hann veitir, skulu aðildarríkið og viðkomandi sérstofnun eiga samráð sín á milli til þess að fá úr því skorið hvort um slíka misnotkun hafi verið að ræða og, ef svo er, leitast við að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki. Leiði slíkt samráð ekki til viðunandi niðurstöðu fyrir aðildarríkið og viðkomandi sérstofnun ber að fara þess á leit við Alþjóðadómstólinn í Haag, í samræmi við ákvæði 32. þáttar, að hann skeri úr um það hvort misnotkun hafi átt sér stað á forréttindum eða friðhelgi. Komist Alþjóðadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að um slíka misnotkun hafi verið að ræða ber því aðildarríki að samningi þessum sem misnotkunin hefur áhrif á réttur til þess að synja hlutaðeigandi sérstofnun um ávinning af þeim forréttindum eða þeirri friðhelgi sem þannig er misnotuð eftir að hafa tilkynnt fyrrnefndri sérstofnun um það.

25. þáttur.

1. Svæðisyfirvöld skulu eigi krefjast þess að fulltrúar aðila, sem sækja fundi sérstofnana, skuli, ásamt embættismönnum í skilningi 18. þáttar, þegar þeir gegna opinberum hlutverkum sínum og á ferðum sínum til og frá fundarstað, yfirgefa landið, þar sem þeir sinna erindum sínum, sakir verka sinna í þágu starfs síns. Hins vegar kunna stjórnvöld í fyrrnefndu landi að krefjast þess að einstaklingur, sem misnotar forréttindi sem felast í búsetu þegar hann aðhefst í eigin þágu í landinu, yfirgefi það, að því tilskildu:

2. I) að eigi skuli gerð krafa um að fulltrúar aðila, eða einstaklingar sem úrlendisréttur gildir um skv. 21. þætti, yfirgefi land með öðrum hætti en samkvæmt diplómatískum hefðum sem gilda um diplómatíska fulltrúa sem eru trúnaðarbundnir í viðkomandi landi;

II) að þegar um ræðir embættismann, sem ákvæði 21. þáttar gilda ekki um, skuli aðeins gefa út skipun um að yfirgefa land með samþykki utanríkisráðherra hlutaðeigandi lands og skuli einungis veita slíkt samþykki að loknu samráði við framkvæmdastjóra viðkomandi sérstofnunar og sé málsmeðferð hafin vegna brottvísunar embættismanns beri framkvæmdastjóranum réttur til að koma fram fyrir hönd þess einstaklings sem hún varðar.

VIII. gr.

Ferðabréf.

26. þáttur.

Embættismönnum sérstofnana ber réttur til að nota ferðabréf Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stjórnunarfyriřkomulag sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og til þess bær yfirvöld sérstofnananna munu koma sér saman um, þ.e. hvaða stofnunum er heimilt að veita sérstakt umboð til þess að gefa út ferðabréf. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna hverju aðildarríki að samningi þessum um sérhvert stjórnunarfyriřkomulag sem samkomulag verður um með fyrrgreindum hætti.

27. þáttur.

Aðildarríki að samningi þessum skulu viðurkenna og taka gild ferðabréf Sameinuðu þjóðanna, gefin út til handa embættismönnum sérstofnana, sem gild ferðaskilríki.

28. þáttur.

Afgreiða skal umsóknir embættismanna sérstofnana, sem eru handhafar ferðabréfa Sameinuðu þjóðanna og hafa skilríki sem staðfesta að þeir ferðist í erindagerðum fyrir sérstofnun, um vega-bréfsáritanir, sé þeirra krafist, eins fljótt og við verður komið. Að auki skal greiða fyrir fljótri för slíkra einstaklinga.

29. þáttur.

Sérfræðingar og aðrir einstaklingar, sem þrátt fyrir að vera ekki handhafar ferðabréfa Sameinuðu þjóðanna hafa skilríki sem staðfestir að þeir ferðist í erindagerðum fyrir sérstofnun, skulu fá sams konar fyrirgreiðslu og um getur í 28. þætti.

30. þáttur.

Framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar, deildarstjórar og aðrir embættismenn sem gegna eigi lægri stöðu en stöðu deildarstjóra hjá sérstofnunum og ferðast með ferðabréf Sameinuðu þjóðanna í erindagerðum fyrir sérstofnanir skulu fá sömu fyrirgreiðslu á ferðum sínum og er veitt embættismönnum sendiráða sem gegna sambærilegum stöðum.

IX. gr.

Lausn deilumála.

31. þáttur.

Hver sérstofnun skal gera ráð fyrir viðeigandi verklagi við lausn:

- a) deilumála sem rísa vegna samninga og annarra deilna á sviði einkamálaréttar sem stofnunin á aðild að;

- b) deilumála sem embættismaður sérstofnunar, sem nýtur friðhelgi vegna opinberrar stöðu sinnar, á aðild að hafi friðhelgi ekki verið afsalað í samræmi við ákvæði 22. þáttar.

32. þáttur.

Vísa ber öllum ágreiningi, sem rís vegna túlkunar eða beitingar samnings þessa, til Alþjóðadómstólsins í Haag nema deiluaðilar sammælist um, í tilteknu máli, að beita annarri aðferð til lausnar deilumálum. Rísi ágreiningur milli einnar sérstofnunar annars vegar og aðila hins vegar skal leita eftir álitserðum um lagaleg atriði er málið varða í samræmi við 96. gr. sáttmálans og 65. gr. stofnsamþykktar dómstólsins og samkvæmt viðeigandi ákvæðum samninga sem Sameinuðu þjóðirnar og viðkomandi sérstofnun hafa gert sín á milli. Deiluaðilar skulu samþykkja álit dómstólsins sem afgerandi svar.

X. gr.

Viðaukar og gildi þeirra gagnvart einstökum sérstofnunum.

33. þáttur.

Að því er varðar hverja sérstofnun skulu stöðluðu ákvæðin gilda með fyrirvara um breytingar samkvæmt endanlegum (eða endurskoðuðum) texta þess viðauka sem fjallar um viðkomandi stofnun sbr. ákvæði 36. og 38. þáttar.

34. þáttur.

Túlka ber ákvæði samningsins með tilliti til allra sérstofnana í ljósi þeirra hlutverka sem viðkomandi stofnun er ætlað að gegna samkvæmt stofnskrá hennar.

35. þáttur.

Mælt er með drögum að I. til IX. viðauka við þær sérstofnanir sem þar eru tilgreindar. Ef einhver sérstofnun er ekki nefnd á nafn í 1. þætti skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda viðkomandi stofnun drög að viðauka sem efnahags- og félagsmálaráðið mælir með.

36. þáttur.

Endanlegur texti hvers viðauka um sig skal vera sá er hlutaðeigandi sérstofnun samþykkir í samræmi við stofnskrárbundnar verklagsreglur sínar. Hlutaðeigandi sérstofnun skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endurrit af viðaukanum, í þeirri mynd sem hún samþykkir hann, sem skal að því loknu koma í stað þeirra draga sem um getur í 35. þætti.

37. þáttur.

Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverri sérstofnun eftir að hún hefur sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endanlegan texta viðeigandi viðauka og tilkynnt honum að hún samþykki stöðluðu ákvæðin, með áorðnum breytingum samkvæmt viðaukanum, og skuldbindur sig til þess að framfylgja ákvæðum 8., 18., 22., 23., 24., 31., 32., 42. og 45. þáttar (með fyrirvara um breytingar á 32. þætti sem kunna að reynast nauðsynlegar til þess að endanlegur texti viðaukans sé í samræmi við stofnskrá viðkomandi stofnunar) og hverju ákvæði viðaukans sem skuldbindur viðkomandi stofnun. Aðalframkvæmdastjórinn skal láta öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öðrum ríkjum, sem eiga aðild að sérstofnununum, í té staðfest endurrit af öllum viðaukum sem honum eru sendir samkvæmt ákvæðum þessa þáttar og af endurskoðuðum viðaukum sem eru sendir skv. 38. þætti.

38. þáttur.

Samþykki sérstofnun breytingar á endanlegum viðauka, í samræmi við stofnskrárbundnar verklagsreglur sínar, eftir að viðaukinn er sendur skv. 36. þætti ber henni að senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna endurskoðaða gerð hans.

39. þáttur.

Ákvæði samnings þessa takmarka á engan hátt eða skerða forréttindi og friðhelgi sem ríki hefur veitt eða kann að veita sérstofnun vegna staðsetningar aðalstöðva hennar eða svæðisskrifstofu á

landsvæði þess. Eigi skal líta svo á að samningur þessi útiloki að aðildarríki að honum og sérstofnun geri með sér viðbótarsamninga til endurbóta á ákvæðum samnings þessa eða í því skyni að auka eða skerða þau forréttindi og þá friðhelgi sem eru veitt honum samkvæmt.

40. þáttur.

Sá skilningur ríkir að stöðluðu ákvæðin, með áorðnum breytingum samkvæmt endanlegum texta viðauka sem sérstofnun sendir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skv. 36. þætti (eða endurskoðaðs viðauka sem er sendur skv. 38. þætti), verði í samræmi við þágildandi ákvæði stofnskrár hlutaðeigandi stofnunar og, sé nauðsynlegt að breyta þeirri stofnskrá til þess að hún sé í samræmi við hinn endanlega texta, að slík breyting hafi komið til framkvæmda í samræmi við stofnskrárbundnar verklagsreglur fyrrnefndrar stofnunar áður en endanlegur (eða endurskoðaður) viðauki er sendur.

Sjálfur samningurinn skal ekki koma til framkvæmda með þeim hætti að ákvæði hans felli úr gildi nokkur ákvæði stofnskrár sérstofnunar eða réttindi eða skuldbindingar sem viðkomandi stofnun kann að hafa, öðlast eða takast á hendur með öðrum hætti eða víki frá þeim.

XI. gr.

Lokaákvæði.

41. þáttur.

Aðild aðildarríkis að Sameinuðu þjóðunum og (skv. 42. þætti) aðildarríkja að sérstofnun að samningi þessum fer fram með því að aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna er afhent til vörslu skjal um aðild sem tekur gildi á afhendingardegi.

42. þáttur.

Hver sérstofnun, sem á hlut að máli, skal láta þeim meðlimum sínum sem eru ekki aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum í té texta samnings þessa og viðeigandi viðauka og bjóða þeim að gerast aðilar að honum, að því er viðkomandi stofnun varðar, með því að senda annaðhvort aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdastjóra sérstofnunarinnar til vörslu skjal um aðild að samningi þessum að því er hana varðar.

43. þáttur.

Hvert aðildarríki að samningi þessum skal gefa til kynna í skjali sínu um aðild þá sérstofnun eða -stofnanir sem það skuldbindur sig til að beita ákvæðum samnings þessa gagnvart. Hvert aðildarríki að samningi þessum getur síðar skuldbundið sig til þess að beita ákvæðum samnings þessa gagnvart einni sérstofnun eða fleiri til viðbótar með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Tilkynningin öðlast gildi þann dag er aðalframkvæmdastjórinn veitir henni viðtöku.

44. þáttur.

Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju aðildarríki að honum að því er sérstofnun varðar þegar hann öðlast gildi gagnvart henni skv. 37. þætti og þegar hlutaðeigandi aðildarríki hefur skuldbundið sig til þess að beita ákvæðum samningsins gagnvart þeirri sérstofnun skv. 43. þætti.

45. þáttur.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, ásamt öllum aðilum að sérstofnununum og framkvæmdastjórum sérstofnananna, um afhendingu hvers skjals um aðild sem er veitt viðtaka skv. 41. þætti og um síðari tilkynningar sem er veitt viðtaka skv. 43. þætti. Framkvæmdastjóri sérstofnunar skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og aðilum að viðkomandi stofnun um afhendingu hvers skjals um aðild sem honum er afhent til vörslu skv. 42. þætti.

46. þáttur.

Sá skilningur ríkir að þegar skjal um aðild eða síðari tilkynning er afhent til vörslu af hálfu ríkis verði hlutaðeigandi ríki í aðstöðu til þess, samkvæmt landslögum, að framfylgja skilmálum samnings þessa með áorðnum breytingum samkvæmt endanlegum textum viðauka sem fjalla um þær stofnanir sem slík aðild eða tilkynningar gilda um.

47. þáttur.

1. Hvert aðildarríki að samningi þessum skuldbindur sig til þess, samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessa þáttar, að beita samningi þessum gagnvart hverri sérstofnun, sem aðild þess eða síðari tilkynning gildir um, uns endurskoðaður samningur eða viðauki hefur öðlast gildi gagnvart fyrrnefndri sérstofnun og fyrrnefnt ríki hefur staðfest hinn endurskoðaða samning eða viðauka. Ef um endurskoðaðan viðauka er að ræða skulu ríki staðfesta hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem öðlast gildi þann dag er aðalframkvæmdastjórinn veitir henni viðtöku.
2. Hvert aðildarríki að samningi þessum getur samt sem áður, hvort sem það á ekki eða hefur hætt aðild að sérstofnun, sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdastjóra hlutaðeigandi stofnunar skriflega tilkynningu þess efnis að það hyggist synja henni um ávinning af samningi þessum frá tilgreindum degi að telja sem skal eigi vera fyrir en þremur mánuðum eftir viðtökudag tilkynningarinnar.
3. Hvert aðildarríki að samningi þessum getur synjað sérstofnun, sem ekki er lengur í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar, um ávinning af samningi þessum.
4. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum að samningi þessum um sérhverja tilkynningu sem honum er send samkvæmt ákvæðum þessa þáttar.

48. þáttur.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna mun kalla saman ráðstefnu í því skyni að endurskoða samning þennan að fram kominni beiðni eins þriðja hluta þeirra ríkja sem eiga aðild að honum.

49. þáttur.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda hverri sérstofnun og ríkisstjórn hvers aðildarríkis að Sameinuðu þjóðunum endurrit af samningi þessum.

I. VIÐAUKI**Alþjóðavinnuálastofnunin.**

Að því er varðar Alþjóðavinnuálastofnunina skulu stöðluðu ákvæðin gilda með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

1. Gildissvið V. gr. (að undanskildum c-lið 13. þáttar) og töluliða 1 og 2. I) í 25. þætti VII. gr. skal ná til fulltrúa og varafulltrúa vinnuveitenda og launþega í stjórn Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og staðgengla þeirra, að því undanskildu að stjórnin skal afsala friðhelgi einstaklinga, sem sitja í henni, skv. 16. þætti.
2. Sérhverjum staðgengli forstjóra skrifstofu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og aðstoðarforstjóra skrifstofu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar skal einnig veita forréttindi, friðhelgi, undanþágur og aðstöðu sem um getur í 21. þætti stöðluðu ákvæðanna.
3. i) Veita ber sérfræðingum (öðrum en embættismönnum sem falla undir gildissvið VI. gr.), sem starfa í nefndum stofnunarinnar eða sinna erindum fyrir hana, eftirtalin forréttindi og friðhelgi að því marki sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti gegnt hlutverkum sínum með skilvirkum hætti, m.a. á ferðum sínum í tengslum við nefndarstörf eða erindrektur:
 - a) friðhelgi að því er varðar handtöku þeirra eða haldlagningu persónulegs farangurs þeirra;
 - b) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarektur vegna orða í ræðu eða riti eða gerða þeirra þegar þeir gegna opinberum hlutverkum sínum og skal slík friðhelgi vara þrátt fyrir að hlutaðeigandi einstaklingar starfi ekki lengur í nefndum á vegum stofnunarinnar eða sinni erindum fyrir hana;

- c) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft og takmarkanir á gjaldeyris skiptum og að því er varðar persónulegan farangur og embættismönnum erlendra ríkja, sem eru í tíma- bundnum opinberum erindagerðum, býðst;
- d) friðhelgi að því er varðar pappíra þeirra og skjöl sem tengjast vinnu þeirra fyrir stofnunina.
 - ii) Meginreglan í lokamálsgrein 12. þáttar stöðluðu ákvæðanna gildir að því er varðar d-lið i-liðar 3. mgr. hér að framan.
 - iii) Sérfræðingum stofnunarinnar eru veitt forréttindi og friðhelgi með hagsmuni hennar að leiðarljósi en ekki til persónulegs ávinnings fyrir einstaklingana sem slíka. Stofnunin skal hafa rétt og ber skylda til að afsala friðhelgi sérfræðinga ávallt þegar hún telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að fórna hagsmunum stofnunarinnar.

II. VIÐAUKI (ÖNNUR ENDURSKOÐUN TEXTA)

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Að því er varðar Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (hér á eftir nefnd „stofnunin“) skulu stöðluðu ákvæðin gilda með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

1. Gildissvið V. gr. og töluliða 1 og 2. I) í 25. þætti VII. gr. skal ná til formanns ráðs stofnunarinnar og fulltrúa samstarfsaðila að stofnuninni, að því undanskildu að ráð stofnunarinnar skal afsala friðhelgi formannsins skv. 16. þætti.
2.
 - i) Veita ber sérfræðingum (öðrum en embættismönnum sem falla undir gildissvið VI. gr.), sem starfa í nefndum stofnunarinnar eða sinna erindum fyrir hana, eftirtalin forréttindi og friðhelgi að því marki sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti gegnt hlutverkum sínum með skilvirkum hætti, m.a. á ferðum sínum í tengslum við nefndarstörf eða erindrekstur:
 - a) friðhelgi að því er varðar handtöku þeirra eða haldlagningu persónulegs farangurs þeirra;
 - b) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti eða gerða þeirra þegar þeir gegna opinberum hlutverkum sínum og skal slík friðhelgi vara þrátt fyrir að hlutaðeigandi einstaklingar starfi ekki lengur í nefndum á vegum stofnunarinnar eða sinni erindum fyrir hana;
 - c) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft og takmarkanir á gjaldeyris skiptum og að því er varðar persónulegan farangur og embættismönnum erlendra ríkja, sem eru í tíma- bundnum opinberum erindagerðum, býðst;
 - d) friðhelgi að því er varðar pappíra þeirra og skjöl sem tengjast vinnu þeirra fyrir stofnunina og, vegna samskipta þeirra við stofnunina, réttindi til þess að nota kóða og fá send skjöl og bréf með boðberum eða í innsigliðum sekkjum.
 - ii) Meginreglan í lokamálsgrein 12. þáttar stöðluðu ákvæðanna gildir að því er varðar d-lið i-liðar 2. mgr. hér að framan.
 - iii) Sérfræðingum eru veitt forréttindi og friðhelgi með hagsmuni stofnunarinnar að leiðarljósi en ekki til persónulegs ávinnings fyrir einstaklingana sem slíka. Stofnunin skal hafa rétt og ber skylda til að afsala friðhelgi sérfræðinga ávallt þegar hún telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að fórna hagsmunum stofnunarinnar.
3. Staðgengli forstjóra og aðstoðarforstjórum stofnunarinnar skal veita þau forréttindi, friðhelgi, undanþágur og aðstöðu sem um getur í 21. þætti stöðluðu ákvæðanna.

III. VIÐAUKI

Alþjóðaflugmálastofnunin.

Að því er varðar Alþjóðaflugmálastofnunina (hér á eftir nefnd „stofnunin“) skulu stöðluðu ákvæðin gilda með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

1. Forseta ráðs stofnunarinnar skal einnig veita þau forréttindi, friðhelgi, undanþágur og aðstöðu sem um getur í 21. þætti stöðluðu ákvæðanna.
2.
 - i) Veita ber sérfræðingum (öðrum en embættismönnum sem falla undir gildissvið VI. gr.), sem starfa í nefndum stofnunarinnar eða sinna erindum fyrir hana, eftirtalin forrétt-

indi og friðhelgi að því marki sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti gegnt hlutverkum sínum með skilvirkum hætti, m.a. á ferðum sínum í tengslum við nefndarstörf eða erindrektur:

- a) friðhelgi að því er varðar handtöku þeirra eða haldlagningu persónulegs farangurs þeirra;
- b) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti eða gerða þeirra þegar þeir gegna opinberum hlutverkum sínum og skal slík friðhelgi vara þrátt fyrir að hlutaðeigandi einstaklingar starfi ekki lengur í nefndum á vegum stofnunarinnar eða sinni erindum fyrir hana;
- c) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft og takmarkanir á gjaldeyrisskiptum og að því er varðar persónulegan farangur og embættismönnum erlendra ríkja, sem eru í tíma-bundnum opinberum erindagerðum, býðst;
- d) friðhelgi að því er varðar pappíra þeirra og skjöl sem tengjast vinnu þeirra fyrir stofnunina.
 - ii) Meginreglan í lokamálsgrein 12. þáttar stöðluðu ákvæðanna gildir að því er varðar d-lið i-liðar 2. mgr. hér að framan.
 - iii) Sérfræðingum stofnunarinnar eru veitt forréttindi og friðhelgi með hagsmuni hennar að leiðarljósi en ekki til persónulegs ávinnings fyrir einstaklingana sem slíka. Stofnunin skal hafa rétt og ber skylda til að afsala friðhelgi sérfræðinga ávallt þegar hún telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að förna hagsmunum stofnunarinnar.

IV. VIÐAUKI

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Að því er varðar Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (hér á eftir nefnd „stofnunin“) skulu stöðluðu ákvæðin gilda með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

1. Gildissvið V. gr. og töluliða 1 og 2. I) í 25. þætti VII. gr. skal ná til forseta þings stofnunarinnar og þeirra einstaklinga sem sitja í stjórn hennar, sem og staðgengla þeirra og ráðgjafa, að því undanskildu að stjórnin skal afsala friðhelgi hvers slíks einstaklings sem á sæti í stjórninni skv. 16. þætti.
2. Aðstoðarforstjóri stofnunarinnar, maki hans og ólögráða börn skulu og njóta þeirra forréttinda, friðhelgi, undanþága og aðstöðu sem diplómátskum fulltrúum eru veitt í samræmi við reglur þjóðaréttar og framkvæmdastjóra hversrar sérstofnunar eru tryggð skv. 21. þætti VI. gr. sammingsins.
3.
 - i) Veita ber sérfræðingum (öðrum en embættismönnum sem falla undir gildissvið VI. gr.), sem starfa í nefndum stofnunarinnar eða sinna erindum fyrir hana, eftirtalin forréttindi og friðhelgi að því marki sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti gegnt hlutverkum sínum með skilvirkum hætti, m.a. á ferðum sínum í tengslum við nefndarstörf eða erindrektur:
 - a) friðhelgi að því er varðar handtöku þeirra eða haldlagningu persónulegs farangurs þeirra;
 - b) friðhelgi að því er varðar hvers kyns málarekstur vegna orða í ræðu eða riti eða gerða þeirra þegar þeir gegna opinberum hlutverkum sínum og skal slík friðhelgi vara þrátt fyrir að hlutaðeigandi einstaklingur starfi ekki lengur í nefndum á vegum stofnunarinnar eða sinni erindum fyrir hana;
 - c) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft og takmarkanir á gjaldeyrisskiptum og að því er varðar persónulegan farangur og embættismönnum erlendra ríkja, sem eru í tíma-bundnum opinberum erindagerðum, býðst.
 - ii) Sérfræðingum stofnunarinnar eru veitt forréttindi og friðhelgi með hagsmuni hennar að leiðarljósi en ekki til persónulegs ávinnings fyrir einstaklingana sem slíka. Stofnunin skal hafa rétt og ber skylda til að afsala friðhelgi sérfræðinga ávallt þegar hún telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að förna hagsmunum stofnunarinnar.

V. VIÐAUKI
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Að því er varðar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (hér á eftir nefndur „sjóðurinn“) skal samningurinn (þar með talinn þessi viðauki) gilda með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

1. Ákvæði 32. þáttar stöðluðu ákvæðanna gildir eingöngu um ágreining sem rís út af túlkun eða beitingu forrættinda og friðhelgi sem sjóðurinn öðlast einvörðungu í krafti samnings þessa og eru ekki meðal þeirra sem hann getur farið fram á samkvæmt stofnsamþykkt sinni eða með öðrum hætti.
2. Ákvæði samningsins (þar með talinn þessi viðauki) breyta ekki eða lagfæra eða kalla á breytingu eða lagfæringu á stofnsamþykkt sjóðsins eða draga úr eða takmarka nein réttindi, friðhelgi, forrættindi eða undanþágur sem sjóðnum eru veitt eða aðildarríkjum hans, yfirmönnum, framkvæmdastjórum, varamönnum, embættismönnum eða starfsmönnum samkvæmt stofnsamþykkt sjóðsins eða samþykktum, lögum eða reglum sérhvers aðildarríkis að sjóðnum eða sjálfstæðs umdæmis slíks aðildarríkis eða með öðrum hætti.

VI. VIÐAUKI
Alþjóðabankinn.

Að því er varðar Alþjóðabankann (hér á eftir nefndur „bankinn“) skal samningurinn (þar með talinn þessi viðauki) gilda með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

1. Eftirfarandi komi í stað 4. þáttar:
